

FRÆGÐ ÍSLANDS

I

Oft hefir verið orð á því gert, hver nauðsyn væri á að kynna land vort betur út um heiminn en orðið er. Og það er vafalaust rétt, að aukin frægð Íslands mundi stuðla mjög að því, að bæta þjóðarhag. Menn ættu því að færa sér í nyt, að til er það, sem framúrskarandi vel er fallið til að vekja athygli á Íslandi út um alla jörð og koma í veg fyrir hinn algenga og skaðlega misskilning á þjóðinni. Menn ættu að vakna við því, að hér hefir verið gerð uppgötvun, sem framtíðin mun telja með því allra merkilegasta, sem orðið hefir í sögu vísindanna. Það er uppgötvun lífsins á stjörnunum, sem ég á við. Þessa uppgötvun þarf að færa sér í nyt, og stofna hér stöð til rannsókna á lífinu á stjörnunum og sambands við það. Það ætti að miða til að greiða fyrir þessu máli, að hér eru nú tveir mjög efnilegir stjörnufræðingar, þeir mag. Steinþór Sigurðsson og dr. Trausti Einarsson, sem gætu tekið að sér þá stjörnuskoðun og kennslu í stjörnufræði, sem nauðsynleg verður í þessu sambandi. Og hér er það mál, sem allt Alþingi ætti að geta orðið samtaka um að styðja. En slík samtök myndu hafa blessunarrík áhrif og miða til að draga úr því sundurlyndi, sem svo er háskalegt, að það er óhætt að fullyrða, að þjóð vor getur ekki átt neina góða framtíð í vændum, nema þar verði ráð við fundin.

II

Menn þurfa að þora að hugsa sér, að þjóð vor, þótt smá sé, kunní að hafa meiri þýðingu fyrir allt mannkyn en haldið hefir verið. Þrettánda öldin var mjög auðug að spádómum, og það er mjög eftirtektarvert, að ein sú spá sem þá kom fram, og mjög var trúað á, var á þá leið, að Antikristurinn

mundi koma árið 1260. En eins og allir vita, þá beið einmitt um það leyti sú mjög merkilega menningartilraun, sem hér á Íslandi hafði verið gerð, þann hnekki sem enn hefir ekki verið bætt úr til fulls. Aldaskipti urðu þá, og til ills mjög, og það sem í hönd fór var öld svartadauða.

Einnig nú er spádómaöld mikil og aldaskiptum spád og endurkomu Krists. Spáin um komu Antikrists rættist ekki á þann hátt sem menn höfðu gert sér í hugarlund, og þó getur enginn með sanni sagt, að feiknspárnar hafi ófyrirsynju fram komið. Og eins mun fara nú. Enginn Kristur mun að vísu koma, en aldaskipti munu verða, og ekki síst á íslenskum atburðum sannast, hve mjög hefir ástæða verið til stórra spádóma.